

Nr. 17-029 S 019 Valdimar GK 195***Skipverji skarst á fingri***

Skipaskr.nr. 2354 IMO nr. 8302117
Smíðaður: Noregur 1982, stál
Stærð: 344,33 brl. 569,0 bt.
Mesta lengd: 41,36 m Skráð lengd: 38,0 m
Breidd: 8,5 m Dýpt: 6,55 m
Vél: Callesen 508 kW, 1981
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:

Gögn RNSA



Valdimar ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. desember 2016 var Valdimar GK 195 á línuveiðum á Skagagrunni. Veður: NV 12 m/s, ölduhæð 1,5 m.

Skipverji var að gera að fiski þegar hann skar sig í þumalfingur vinstri handar. Saumuð voru fjögur spor í fingurinn.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn valt mikið þegar slysið varð;
- að staðnar voru 6/6 vaktir.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.